

Kópavogur
b.t. skipulagsráðs
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Kópavogur 1.júní 2021

Málefni: Athugasemdir vegna fyrirhugaðar breikkunar á göngu-hjólástígs á sunnanverðu Kársnesi.

Bakgrunnur

Í dag er sameiginlegur stígur fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur meðfram sjó á sunnanverðu Kársnesi. Það kom íbúum við sjávarsíðuna á Sunnubraut í opna skjöldu að sjá tillögur að því að gera stíginn að stofnleið í hjólaneti höfuðborgarsvæðisins. Stígurinn neðan við Sunnubraut þjónar í dag fyrst og fremst hlutverki tómstundastígs. Meirihluti þeirra sem nota stíginn eru einstaklingar að njóta útivistar, ýmist gangandi, hlaupandi eða hjólandi. Samgönguhjólarar eru enn sem komið er í miklum minnihluta umferðar á þessari leið. Það má hins vegar reikna með að umferð samgönguhjólara aukist með tilkomu brúar yfir Fossvog.

Hjólreiðar eru íþrótt sem hefur verið í örum vexti meðal almennings á Íslandi á síðastliðnum árum. Samhliða auknum hjólaáhuga almennings eru fleiri farnir að að hjóla í vinnuna en áður, einkum að sumarlagi. Eftir því sem fólk þarf að ferðast lengri vegalend til og frá vinnu er ólíklegra að hjólið verði valkostur sem daglegur ferðamáti. Sá hópur fólks sem hjólar að jafnaði langar vegalengdir (t.d. >6-7km hvor leið) á eigin afli til og frá vinnu er fremur einsleitur að því leiti að þetta eru einstaklingar sem eru í góðu líkamlegu formi og hafa yfirleitt mikinn áhuga á hjólreiðum eða æfa hjólreiðar markvisst. Með tilkomu rafmagnshjóla er hjólið sem samgönguferðamáti hins vegar orðinn valkostur fyrir breiðari hóp fólks. Höfuðborgarsvæðið er í heildina mjög flatt og eru langar og brattar brekkur vandfundnar ólíkt því sem þekkist í mörgum erlendum bæjum og borgum m.a. í Noregi og í Ölpunum. Hjólaferðir erlendis hafa notið sívaxandi vinsælda meðal Íslendinga undanfarin ár í takt við auknar vinsældir íþróttarinnar meðal almennings, Tenerife hefur meðal annars verið vinsæll áfangastaður en ástæðan fyrir því að Tenerife er vinsæll áfangastaður hjólara á heimsvísu eru meðal annars brekkurnar. Hæðabreytingar á hjólástígum þurfa ekki að vera neikvæðar, þvert á móti eru margir hjólarar sem sækjast eftir brekkum til þjálfunar. Þegar kemur að samgönguhjólreiðum eru litlar hæðir og hólur engin fyrirstaða, ekki síst í ljósi aukinnar rafvæðingar.

Athugasemdir

Skv. minnisblaði 14.04.21 vegna Kársnesstígs kemur eftirfarandi fram:

Í frumathugun á útfærslu og legu stígsins er m.a. gert ráð fyrir því að stígurinn verði breikkaður til suðurs. Lóðir og garðar liggja nærri núverandi göngustíg og er þ.a.l. ekki mögulegt að breikka eða tvöfalda stíg til norðurs að lóðum. Færsla á grjótvörn er erfið í framkvæmd og mun valda miklu raski á fjöru og friðlýstu svæði. Þar sem ekki er pláss fyrir að breikka stíginn á milli lóða og grjótfyllingu er gert ráð fyrir að göngustígur verði á brú eða bryggju.

Eins og fram kemur í þessari frumathugun takmarkast áætlun um breikkun stígar af plássleysi. Hugmynd um göngustíg á brú eða bryggju er vanhugsuð að mati íbúa á svæðinu og er brýnt að endurskoða.

Göngubryggja á timburstólpum yfir flæðarmálinu

- eyðileggur náttúrulega ásynd fjörunnar og strandlengjunnar
- heftir aðgengi að fjörunni bæði hvað varðar bátaaðgengi og börn að leik
- hefur neikvæð áhrif á dýralíf
- truflar sjávarútsýni frá sjávarlóðum og göngustíg

Fjörur og náttúrleg útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu eru dýrmæt og þarf að vernda. Þegar núverandi göngustígurinn var lagður í fjöruna á sínum tíma með tilheyrandi raski hafði það verulega neikvæð áhrif á dýralíf í voginum í langan tíma á eftir. Íbúar sem bjuggu á svæðinu á þessum tíma minnst þess þegar hætti að sjást og heyra til fugla og selir hættu að láta sjá sig. Mörgum árum síðar fór aftur að sjást til sela á voginum (kópanna í Kópavogi) í ágúst-september en í minna mæli en áður.

Fjaran í Kópavoginum þykir falleg ásyndar eins og hún er í dag og þar er mikið dýralíf. Strandlengjan er sérstök, ósnortnar aðgengilegar fjörur á höfuðborgarsvæðinu er vandfundnar og þarf að vernda. Börn og fjölskyldur nýta fjöruna til leiks og skoðunarferða. Vatnaíþróttir m.a. kayak og «paddle board» njóta vaxandi vinsælda meðal íbúa við voginn. Það er mikilvægt að tryggja áfram beint aðgengi að fjörunni.

Samkomulag liggur fyrir milli Kópavogsbæjar og lóðarhafa við neðanverða Sunnubraut varðandi beint aðgengi að sjó með tilliti til sjósetningu báta í tengslum við bátaskýli.

Göngubryggja á timburstólpum í flæðarmálinu er líklega mjög kostnaðarsöm aðgerð og þarfnast viðhalds vegna ágangs sjávar. Ef um timburbryggju er að ræða má búast við hávaða frá bryggjunni í tengslum við umferð gangandi og hlaupandi vegfarenda. Vindgnýr í tengslum við handrið er einnig áhyggjuefni. Timbrið verður sleipt í bleytu. Snjómokstur getur verið erfitt að framkvæma. Auk þess sem slík bryggja myndi hefta aðgengi að fjörunni og skyggja á útsýni fyrir íbúum sjávarlóða þá myndi hún einnig skyggja á sjávarútsýni hjólara sem væru þá á hjólaakrein fyrir innan. Umferð á bryggjunni myndi valda verulegri truflun fyrir íbúa sjávarlóða.

Í ljósi ofangreindra atriða og plássleysis við sjóinn er mikilvægt að finna aðra lausn fyrir stofnæð hjóleiða á sunnanverðu Kársnesi. Það mætti auðveldlega láta hjólastíg fara inn í hverfið og fylgja gatnakerfi á kafla (t.d. Kópavogsbraut eða Sunnubraut) og leyfa einföldum tómstundarstíg við sjóinn að njóta sín áfram. Það eru til mörg svipuð fordæmi, nærtækast

ber að nefna nýtt hverfi á norðanverðu Kársnesi, Skerjafjörðinn og sunnanvert Seltjarnarnes. Hinum megin við Kópavoginn, á Arnarnesinu er fordæmi fyrir því að halda fjörunni í sinni náttúrulegri mynd án mannvirkjagerðar enda er fjaran og vogurinn friðaður.

Tómstundastígur, útivistarparadís og samgöngustígur með tilheyrandi hraðri og mikilli umferð fara ekki vel saman. Þess vegna væri eðlilegra að stofnæð hjóltreidda myndi fara aðra leið og halda í tómstundarstíg við sjóinn. Þverun gangandi vegfarenda yfir hjólastíg skapar hættu. Stígurinn við sjóinn á sunnanverðu Kársnesi er vinsæll tómstundarstígur meðal almennings á öllum aldri. Börn með sérþarfir sem stunda nám við Arnarskóla nota stíginn til útivistar. Börn og gamalmenni þurfa að geta notið náttúrunnar í öruggu umhverfi. Útivistarparadís í borg þarf að varðveita. Vegna plássleysis við neðanverða Sunnubraut er ekki mögulegt að bjóða upp á bæði tómstundastíg og samgöngustíg á öruggan hátt í sátt og samlyndi við náttúruna.

- Börn að leika í hættu við að þvera umferðarstíg
- Það þarf að tryggja bátaaðgengi frá bátaskýlum
- Náttúran þarf að fá að njóta sín
- Fólk vill njóta náttúrunnar með sem minnst áreiti í kring
- Höldum útivistarsvæðinu við sjóinn friðsælu og hljóðlátu

Það eru ýmsir kostir við hjólastíg í gegnum hverfið meðfram gatnakerfi á Kársnesi fremur en meðfram sjónum

- Skjól frá veðri og vindum
- Hjólastígur t.d. á Kópavogsbraut myndi þjóna fleiri íbúum hverfisins betur og þjóna börnum til og frá skóla.
- Styttri vegalengd í ákveðnum tilfellum. Fyrir marga er styttra að fara yfir Kópavogshæðina en út fyrir nesið

Það er mat íbúa við neðanverða Sunnubraut að ef til fyrirhugaðrar framkvæmdar í fjöruborði Kópavogs komi sé verið að fórna miklu og stórum hagsmunir fyrir borð bornir vegna samgöngustígs sem auðvelt er að koma fyrir annars staðar í tengslum við gatnakerfi.

Við höfum þungar áhyggjur af mögulegu skipulagsslysi í uppsiglingu. Við vonumst til að skipulagsráð Kópavogsbæjar taki ofangreindar athugasemdir til greina, sýni málefnum skilning og taki tillit til náttúrunnar og íbúanna við sjóinn.

Virðingarfyllt,

Hulda Jónasdóttir og Guðjón Ingólfsson, Sunnubraut 31

Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir og Kristján Orri Helgason, Sunnubraut 35

María Björg Þórhallsdóttir og Ólafur Hvanndal Ólafsson, Sunnubraut 37

Sigrún Árnadóttir og Michael Schulz, Sunnubraut 39

Berglind Aðalsteinsdóttir og Arnar Þór Emilsson, Sunnubraut 41

Viðauki

Skerjafjörður innan bæjarmarka Kópavogs var friðlýstur sem búsvæði árið 2012. Markmiðið með friðlýsingu Skerjafjarðar er m.a. að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla. Skerjafjarðarsvæðið í heild hefur alþjóðlegt verndargildi vegna farfuglategunda og einnig er svæðið mikilvægt vegna marhálms og sjávarfitjungs sem hafa takmarkaða útbreiðslu hér á landi. Þar sem hætta er á að framkvæmdir á verndarsvæðinu geti spillt friðlýstum náttúruminum þarf ávallt leyfi Umhverfisstofnunar. Einnig þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt til framkvæmda utan friðlýsts svæðis, ef framkvæmdirnar eru leyfisskyldar samkvæmt öðrum lögum en náttúruverndarlögum og geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins. Sjá nánar hér:

https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Fridlysingar/Skerjafjordur/skerjafjordur_kopavog_kort.pdf

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/skerjafjordur-kopavogi/>